

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum

Aðalfundur dvalarheimilis aldraðra sf í Þingeyjarsýslum haldinn miðvikudaginn 1. Júlí 2015 kl. 14:00 í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, Húsavík (salur í Miðhvammi).

Friðrik Sigurðsson formaður stjórnar setti fund og bar fram tillögu um að Dagbjört Jónsdóttir stýrði fundi og að Hróðný Lund ritaði fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Dagbjört Jónsdóttir tók við fundarstjórn og lýsti fundinn löglegan.

Fyrir fundi lá:

1. Venjulega aðalfundarstörf
2. Önnur mál

1 Aðalfundarstörf.

a) skýrsla stjórnar

Friðrik Sigurðsson flutti skýrslu stjórnar. Hann rakti í stuttu máli tilurð félagsins og rekstur þess. Félagið rekur dvalar og hjúkrunarheimili á Húsavík, dagvistun á Kópaskeri og dagvistun og leiguíbúðir á Raufarhöfn. Eignaraðilar eru fjórir Norðurþing, Tjörnes, skútustaðarhreppur og Þingeyjarsveit. Framlög miðast við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi.

aa) skýrsla framkvæmdastjórnar

Jón Helgi Björnsson flutti skýrslu framkvæmdastjórnar. Rekstur dvalarheimilisins er með líku sniði og árið áður og reksturinn þungur. Fjölgun náðist á hjúkrunarrýmum og fjölgaði þeim um 5 og dvalarrýmum aukning um eitt, þetta hefur styrkt rekstur heimilisins. Unnið er að úrbótum húsnæðisins, en nú er verið að klára glerskipti í húsnæði Hvamms og verið er að mála húsið. Samstarf heilbrigðisstofnunarinnar HSN og DA hefur gengið vel og með þessu samstarfi hefur fagmennska styrkst vel í þjónustu. Vilji er fyrir því að halda þessu samstarfi áfram. Stjórnin hefur óskað eftir því að ríkið taki yfir starfsemi Hvamms. Góð þjónusta er veitt í Hvammi og gott starfsfólk vinnur þar og ber því þakki fyrir.

b) Ársreikningur

Rúnar Bjarnason endurskoðandi frá PricewaterhouseCooper gerði grein fyrir ársreikningunum og helstu niðurstöðum. Halli ársins er tæplega 21 milljón, en var rúmar 40 milljónir 2013. Þá stefnir einnig í hallarekstur á yfirstandandi ári og benda endurskoðendur á það í umfjöllun um rekstrarhæfi félagsins að eigendur hafa á undanförunum árum reitt fram fé til að halda rekstrinum gangandi og ekkert annað hafi komið fram en að eigendur tryggi reksturinn áfram út yfirstandandi rekstrarár.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.



c) Fjárhagsáætlun fyrir 2015


Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri HSN fór yfir fjárhagsáætlun og gert er ráð fyrir 20 milljóna tap en einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi viðahaldi á húsnæðinu. Gert er ráð fyrir aukningu í mönnun vegna þess að íbúum er að fjölga. Niðurstaða: Sveitarfélögin þurfa að reiða fram 30 milljónir til félagsins eins og undanfarin ár gert er ráð fyrir stöðugleika í rekstrinum en hefur styrkst með aukningu á hjúkrunarrýmum, rekstrar niðurstaðan sýnir að reksturinn er í jafnvægi og stenst áætlun.

d) Kosning stjórnar og varastjórnar.

- a) Stjórn kjörin óbreytt.
- b) Rúnar Bjarnason kosinn löggildur endurskoðandi félagsins, laun endurskoðanda eru samkvæmt gjaldskrá.

2 Önnur mál

Enginn önnur mál bárust fundinum



Steingrímur Eiríksson
Steinþór Hósem
Sölveig Mikaelssd
Hrochinnur
Jón Ólafur Pálsson
Páglia Jónsd.